

AUGLÝSING

um umferð í Sandgerði – skipulagssvæði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum stjórnar Isavia ohf. og bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar hefur lögreglustjórinn á Suðurnesjum ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð:

1. Bifreiðastöður.

- a. Bannað er að leggja óskráðum og óökufærum bifreiðum, vinnuvélum, öðrum ökutækjum eða eftirvögnum á almenningsbílastæði og bílastæði í eigu Isavia ohf., við götubrún eða annarsstaðar á almannafæri innan skipulagssvæðis Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (FLE) og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
- b. Bannað er að leggja skráðum bifreiðum nema í merkt bifreiðastæði innan skipulagssvæðis Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og við Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
- c. Bifreiðastöður eru bannaðar beggja vegna Kríuvallar, Arnarvallar og Kjóavallar, Blikavallar og Fálkavallar landmegin við aðgangshlið flughlaðs FLE.

Á lóð Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar gildir eftirfarandi:

- d. Bifreiðastöður eru bannaðar nema í merktum bifreiðastæðum.
- e. Bannað er að leggja bifreiðum og öðrum ökutækjum í bifreiðastæði við fjærakrein aðkomu flugstöðvarinnar að vestanverðu (brottfararsvæði – merkt B á teikningu sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari). Eingöngu er leyft að afferma ökutækin, en ökumaður skal ekki yfirgefa bifreiðina.
- f. Bannað er að leggja bifreiðum og öðrum ökutækjum í bifreiðastæði við nærakrein aðkomu flugstöðvarinnar að vestanverðu (brottfararsvæði – merkt C á teikningu) nema hóp bifreiðum og leigubifreiðum, sem hafa eingöngu leyfi til að afferma bifreiðarnar.
- g. Bannað er að leggja bifreiðum og öðrum ökutækjum á aðkomusvæði flugstöðvarinnar vestanmegin að norðanverðu (brottfararsvæði – merkt D á teikningu) nema fyrir hreyfihamlaða einstaklinga, sem hafa eingöngu leyfi til að afferma bifreiðarnar.
- h. Bifreiðastöður eru bannaðar í bifreiðastæðum á aðkomusvæði flugstöðvarinnar vestanmegin að norðanverðu (brottfararsvæði – merkt E á teikningu) nema fyrir hóp bifreiðar og leigubifreiðar með 60 mínútna hámarksstöðutíma.
- i. Bifreiðastöður eru bannaðar í bifreiðastæðum á aðkomusvæði flugstöðvarinnar austanmegin að norðanverðu (komusvæði – merkt F) nema fyrir leigubifreiðar með 60 mínútna hámarksstöðutíma.
- j. Allur akstur er bannaður á aðkomusvæði flugstöðvarinnar að austanverðu (komusvæði) fyrir utan neyðarakstursökutæki nema með leyfi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

2. Umferðarskipulag austan Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar (komusvæði).

- a. Innkeyrsla frá norðri að flugstöðinni að austanverðu, er aðeins heimil fyrir leigubifreiðar.
- b. Hluti af bifreiðastæðum sem notuð hafa verið fyrir bílaleigubifreiðar verða einnig nýtt fyrir hóp bifreiðar. Stæðið er aðskilið, þ.e. fyrir hóp bifreiðar að norðanverðu annars vegar (svæði merkt G á teikningu) og bílaleigubifreiðar að sunnanverðu hins vegar (svæði merkt H á teikningu) og er akstur allra annarra ökutækja óheimill sem og bifreiðastöður. Hámarksstöðutími er 60 mínútur.
- c. Akstur á vegi austan við bifreiðastæði fyrir hóp bifreiðar og bílaleigubifreiðar, verður óheimill fyrir aðra en hóp bifreiðar, bílaleigubifreiðar og þá sem eiga erindi að vörumóttöku.
- d. Bifreiðastæði fyrir hóp bifreiðar með sérleyfi er fyrir sunnan akveg frá flugstöð að austanverðu (svæði merkt I á teikningu). Hámarksstöðutími eru 60 mínútur.
- e. Eftir atvikum gildir ofangreint um önnur ökutæki og eftirvagna.

Nr. 958


3. október 2013

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, 3. október 2013.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.



B-deild – Útgáfud.: 30. október 2013